

Nú er kosning hafin í lýðræðis-  
verkefninu Okkar Kópavogur. Í  
skólahverfinu okkar verður  
kosið á milli fjölmargra áhuga-  
verðra verkefna og mörg þeirra  
snúa beint að umbótum á  
skólalóð og í nágrenni skólans  
okkar. Alls er varið 200  
milljónum í verkefni. Við  
hvetjum ykkur til að skoða  
kosningavefinn og taka þátt.  
Kópavogsbúar eldri en sextán  
ára geta kosið.

Sjá hér: <https://>

[kosning2018.kopavogur.is](https://kosning2018.kopavogur.is)



## Kæra skólasamfélag

Febrúar heilsar og sólin er tekin að hækka á lofti, allt samkvæmt áætlun!

Við vonum að viðtölin um daginn hafi nýst vel til að taka stöðuna á námi nemenda og leggja á ráðin um framhaldið. Þá standa vonir til að nýtt form á námsmati nýtist sífellt betur og betur til að gefa greinarbetri upplýsingar um viðfangsefni nemenda í náminu en áður og hvernig gengur að ná settum markmiðum. Við hvetjum forráðamenn til að hafa samband með ábendingar eða spurningar varðandi það mál, þetta er að sjálfsögðu í þróun hjá okkur og ábendingar eru vel þegar. Þá hvetjum við forráðamenn einnig til að fara reglulega inn á mentor og skoða námsmatsupplýsingar eftir því sem þær bætast við. Það næsta sem kemur þar inn eru niðurstöður úr lesfímiprófunum sem lögð voru fyrir í janúarmánuði en þær niðurstöður lágu ekki fyrir í öllum tilfellum þegar viðtölin fóru fram. Þessar niðurstöður verða komnar inn snemma í febrúar. Jafnframt viljum við að sjálfsögðu hvetja alla til dáða hvað varðar lesturinn sem er jú undirstaðan í öllu námi. Munum - allir þurfa að lesa á hverjum degi til að viðhalda og auka lestrarfærnina!

Athygli er vakin á auglýsingunni hér til hliðar um verkefnið Okkar Kópavogur. Þarna er meðal annars kosið um verkefni sem nýst geta skólanum vel og bætt aðstöðu nemenda okkar. Það er því um að gera að nýta samtakamáttinn og veita þeim verkefnum brautargengi í kosningunni.

Með von um góðan og árangursríkan febrúarmánuð.

Ágúst Jakobsson, skólustjóri

## Viðurkenningar fyrir ljóð í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs

Á ljóðahátíð í Salnum í Kópavogi þann 21. janúar var tilkynnt um úrslit í ljóðasamkeppni grunnskólanna í Kópavogi. Henrik Hermannsson nemandi í 7. bekk Hörðuvallaskóla hlaut þar fyrstu verðlaun fyrir ljóðið Myrkrið. Í öðru sæti var ljóðið Frelsi eftir Eyrúnu Flosadóttur í 9. MSJ í Kársnesskóla en ljóðið Allt eða ekkert eftir Söndru Diljá Kristinsdóttur í 8. bekk Salaskóla var í þriðja sæti. Vinningsljóðum grunnskólanema verður dreift um bæinn á veggspjöldum og bókamerkjum. Auk þess sem framangreind verðlaun voru veitt fengu 8 nemendur viðurkenningar frá dómnefnd fyrir sín ljóð og ánægjulegt að af þeim hópi voru hvorki meira né minna en fjórir nemendur úr Hörðuvallaskóla. Það voru þau Elmar í 5.L, Andrea í 5.S, Bjarki Freyr í 7.G og Vigdís Helga í 7.G. Innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur! Hér til hliðar má sjá sigurljóð Henriks.

## Íslandsmót grunnskólasveita í skák - stúlkna-flokkur, 1.-2. bekkur

Nemendur skólans skipuðu tvö lið á Íslandsmóti grunnskólasveita í skák sem fram fór 27. janúar sl. Þarna var um að ræða stúlknaflokk í aldurs-  
hópnum 1.-2. bekkur. A-sveitin lenti í þriðja sæti og fékk bronsverðlaun. Sveitina skipuðu Guðrún Fanney Briem, Iðunn Kara Hrnannarsdóttir, Raket Gísladóttir og Viðja Ævarsdóttir, allar úr 2.árgangi. Guðrún Fanney vann allar sínar skákir og Raket vann fjórar af fimm. Til hamingju með árangurinn!



## Myrkrið

Það er dimmt og ég er hræddur  
ég veit ekki hvert ég er að fara eða hvar  
ég á heima.

Vindurinn blæs á móti mér og það rignir  
mér finnst ég vera einhver annar.

Ég hleyp eins hratt og ég get.

Ég heyri öskur og hleyp enn hraðar  
inn í myrkrið.

Ég hleyp bara eitthvert í von að ég komist  
heim.

Ég er þreyttur og mig langar að sofna  
en ég get það ekki og verð að halda áfram  
en ég er rennblautur og leggst á jörðina.

Ég gefst upp og hætti að reyna

ég vissi að það var enginn tilgangur að  
reyna.

En í sama bragði sá ég spegilmynd mína  
ég spyr sjálfan mig hvað get ég gert?

Ég ákvað að ég ætlaði ekki að gefast upp  
ég stóð upp og hljóp eins hratt og ég gat.

Ég sá ljós þarna átti ég heima.

Henrik Hermannsson 7.G Hörðuvallaskóla

## Dagskrá Kúlunnar fyrir febrúarmánuð:

[https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2017-2018/2018\\_02\\_kulan\\_dagskra.pdf](https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2017-2018/2018_02_kulan_dagskra.pdf)

## Til forráðamanna barna í dægradvöl og í skólamat - frá innheimtudeild Kópavogsbæjar

Vegna óska margra forráðamanna barna að hægt sé að sjá í heimabanka betri skýringar á reikningunum fyrir dægradvöl og skólamat urðu þau leiðu mistök um daginn að þeir sem voru skráðir í greiðsluþjónustu í banka duttu út. Því fóru reikningarnir fyrir desember og janúar á heimabanka forráðamanns.

Þar sem við getum ekki séð hverjir þetta eru þá verðum við að biðja þá sem nota þessa þjónustu að skrá skuldfærsluna inn aftur. Hægt er að gera þetta inn á heimabanka undir ógreiddir reikningar.

Innheimtudeildin biður innilegrar afsökunar á þessum mistökum og óþægindum sem þetta hefur valdið.

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	<b>29. janúar</b> Ýsa í orly m/ brúnum hrísgrjónum og súr-sætri sósu. Salatbar og ávextir.  <b>9.b. fer í skólábúðir</b>	<b>30.</b> Nautahakk og heil-hveitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	<b>31.</b> Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	<b>1. febrúar</b> Fiskiborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku og papriku, kartöflubátum og sósu. Ávextir.	<b>2.</b> Úrbeinuð kjúklingalæsi í grillmixi m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.  <b>Dagur stærðfræðinnar</b>	<b>3.</b>
<b>4.</b>	<b>5.</b> Ýsa í raspi m/ soðnum kartöflum og kokteil-sósu / tómatsósu. Salatbar og ávextir.	<b>6.</b> Lambagúllas í karrýsósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	<b>7.</b> Rjómalöguð aspássúpa m/ grófu rúnstykki, osti og smjöri. Ávextir.	<b>8.</b> Ofnbökuð langa m/ soðnum kartöflum og mangohvítlaukssósu. Salatbar og ávextir.	<b>9.</b> Píta með rifnum kjúklingi, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	<b>10.</b>
<b>11.</b>	<b>12.</b> Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir.  <b>Bolludagur</b>	<b>13.</b> Saltkjöt m/ jafningi, soðnum kartöflum og grænum baunum. Ávextir.  <b>Sprengidagur</b>	<b>14.</b> Pizza og safi.  <b>Öskudagurinn Stuttur skóladagur Skóli 8:30-12:00</b>	<b>15.</b> Þorskur í hvítlauk og basil m/ kínóa / banka-byggi. Salatbar og ávextir.	<b>16.</b> Grísasnitset m/ bernaise-sósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	<b>17.</b>
<b>18.</b>	<b>19.</b> <b>VEtrarfrí</b> <b>Dægradvöl lokuð</b>	<b>20.</b> <b>VEtrarfrí</b> <b>Dægradvöl lokuð</b>	<b>21.</b> Hrisgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsinum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	<b>22.</b> Gufusoðin ýsa m/ bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	<b>23.</b> Nautahakk, linsur og heil-hveitipastaskrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	<b>24.</b>
<b>25.</b>	<b>26.</b> Léttsaltaður þorskur m/ smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	<b>27.</b> Ungversk gúlassúpa m/ grænmeti, nauta-gúllasi og grófu snittu-brauði. Ávextir. <b>Spilakvöld Foreldrafélagsins</b>	<b>28.</b> Bláberjaskyr m/ rjóma-blandi og heilkorna-brauði m/ spægipylsu / skinku og smjöri. Ávextir.	<b>Salatbarinn inniheldur ávallt tvær tegundir af ávöxtum og fjölbreytt úrval af grænmeti.</b>	<div style="background-color: yellow; padding: 10px; transform: rotate(-5deg); border: 1px solid black;"> <b>Hnetulaus skóli - engar hnetur í nesti - eða matvæli sem innihalda hnetur...!!</b> </div>	

**Muna:**

- Öskudagurinn er stuttur dagur hjá nemendum, mæting 8:30 og heimferð/dægradvöl kl. 12:00 **ATH - pizza í matinn, þeir sem ekki eru skráðir í mat geta keypt miða hjá ritara - 470 kr.**
- Vetrarfrí er dagana 19.-20. febrúar og í vetrarfríinu er lokað í dægradvöl
- **Útivistartíminn: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu.**